

**5**

**Umferðaröryggisúttekt  
Hringvegur,  
1-g1, 1-g2 og 1-g3**



09.08.2017

## Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

## EFNISYFIRLIT:

1 Inngangur .....	2
2 Úttektarhópur og úttektarferli .....	2
3 Gögn .....	3
4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar .....	3
5 Samantekt um úttektina .....	7
Fylgiskjal .....	11

## 1 Inngangur

Hringvegur, kafli 1-g1, er 10,93 km langur, kafli 1-g2 er 1,10 km langur og kafli 1-g3 er 11,64 km langur. Þessir kaflar tilheyra Vestursvæði Vegagerðarinnar. Kafli 1-g1 liggur frá Akrafjallsvegi (51-01) við Innrihólm að Akrafjallsvegi (51-02) við Urriðaá. Kafli 1-g2 liggur frá Akrafjallsvegi (51-02) við Urriðaá að Hvalfjarðarvegi (47-12). Kafli 1-g3 liggur frá Hvalfjarðarvegi (47-12) að Hafnarvegi (5087-01). Hringvegur er stofnvegur. Ársdagsumferð, ÁDU, árið 2013, var 3742 bílar á sólarhring á vegkafla 1-g1, 3935 bílar á sólarhring á vegkafla 1-g2 og 3683 bílar á sólarhring á vegkafla 1-g3, sjá töflu 1. Leyfilegur hámarkshraði er 90 km/klst. á þessum köflum.



Mynd 1 Hringvegur 1-g1, 1-g2, 1-g3

## 2 Úttektarhópur og úttektarferli

Í úttektarhópnum voru Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar, Kristján Kristjánsson, forstöðumaður hönnunardeildar Vegagerðarinnar, Jón Hjaltason, verkefnastjóri á umferðardeild Vegagerðarinnar og Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur á umferðardeild Vegagerðarinnar.

Enginn sérstakur undirbúningsfundur var haldinn en það var ákveðið að gera vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina í einni ferð. Úttektarhópurinn sá um vettvangsskráninguna og vettvangsskoðunina og fór hún fram 8-11. september 2014.

Jón sá um akstur og mælingar. Auður og Katrín sáu um skráningu í vettvangsskráningarkerfið og tóku ljósmyndir. Auður, Katrín og Kristján mátu aðstæður og komu með tillögur að úrbótum. Katrín og Auður sáu um gerð skýrslunnar.

## 3 Gögn

Gögnin sem úttektarhópurinn var með til hliðsjónar voru Veghönnunarreglurnar, Umferð á þjóðvegum og Umferðaröryggisúttekt vega, leiðbeiningar.

## 4 Slysagreining og mikilvægar upplýsingar

Á tímabilinu 2009-2013 urðu 85 umferðarslys á 1-g1, 1-g2 og 1-g3, Hringvegi, sjá myndir 2-4. Þau skiptust þannig að á kafla 1-g1 urðu 33 slys, á kafla 1-g2 urðu 7 slys og á kafla 1-g3 urðu 45 slys. Meðalslysátíðnin á köflunum á tímabilinu var eftirfarandi:


1-g1: 0,43 slys á milljón ekinna km

1-g2: 0,87 slys á milljón ekinna km

1-g3: 0,56 slys á milljón ekinna km


Meðalslysátíðni á tímabilinu á veginum í heild sinni var 0,52 slys á milljón ekinna km á tímabilinu. Til samanburðar var meðalslysátíðnin á þjóðvegum (þ.e. stofn-, tengi- og landsvegum) í dreifbýli 0,91 slys á milljón ekinna km á tímabilinu 2009-2013 og meðalslysátíðni á Hringveginum í dreifbýli var 0,82 slys á milljón ekinna km á sama tímabili. Meðalslysátíðnin á köflum 1-g1 og 1-g3 var því talsvert lægri en bæði á þjóðvegum í dreifbýli almennt og á Hringvegi í dreifbýli á sama tímabili. Meðalslysátíðni á kafla 1-g2 var hins vegar nálægt meðaltali fyrir þjóðvegi í dreifbýli og aðeins hærri en á Hringvegi í dreifbýli. Sá kafla er þó mjög stuttur og það skýrir, a.m.k. að hluta, að slysátíðni á honum er hærri en á hinum köflunum.

Á tímabilinu 2009-2013 urðu mikil meiðsli á fólki í sjö tilvikum, fjögur þeirra urðu á vegkafla 1-g1, eitt varð á vegkafla 1-g2 og 2 urðu á 1-g3. Í 21 tilviki urðu lítil meiðsli á fólki, 12 urðu á 1-g1, eitt varð á vegkafla 1-g2 og átta urðu á 1-g3. Algengast var að slys varð við útafakstur, í 38 tilvikum, eða í tæplega 45% tilvika, og aftanákeyrsla var næstalgengasta slysattegundin, 13 tilvik. Í 39 % tilvika var hálka eða ísing á vegi þegar slys varð eða í 33 tilvikum af 85.




*Mynd 2 Umferðarslys á Hringvegi 1-g1.*

Á vegkafla 1-g1 urðu 33 slys á tímabilinu 2009-2013. Í fjórum tilvikum urðu mikil meiðsl á fólki, tvö slys urðu við útafakstur, eitt varð þegar ekið var framan á aðra bifreið og eitt varð við aftanákeyrslu. Vegurinn var þurr í þremur tilvikum þegar mikil meiðsl urðu á fólki en í fjórða tilvikinu var hálka á vegi. Tvö þeirra slysa, þegar mikil meiðsl urðu á fólki, urðu í dagsbirtu og tvö í myrkri. Lítil meiðsl urðu í 12 tilvikum á vegkaflanum, fimm þeirra urðu við útafakstur, tvö urðu við aftanákeyrslu, tvö þegar ekið var á fastan hlut á akbraut, eitt þegar ekið var á dýr á akbraut, eitt þegar ekið var á hlið bifreiðar og í einu tilviki slasaðist ökumaður bifhjóls þegar hann féll af hjóli sínu. Á tímabilinu var algengasta slysattegundin á vegkaflanum útafakstur, samtals 13 slys. Næstalgengast var að slys yrði við aftanákeyrslu, fimm tilvik. Í fjórum tilvikum varð slys við að ekið var á hlið bifreiðar, í þremur tilvikum var ekið framan á aðra bifreið, í þremur tilvikum var ekið á fastan hlut, í tveimur tilvikum var ekið á dýr á akbraut, í einu tilviki var ekið á kyrrstæðan bíl, í einu tilviki féll ökumaður af bifhjóli sínu og í einu tilviki varð óhapp við steinkast. Í 17 tilvikum af 33 var ísing eða hálka á veginum þegar slys varð, eða í 52% tilvika.



*Mynd 3 Umferðarslys á Hringvegi 1-g2.*

Á vegkafla 1-g2 urðu 7 slys á tímabilinu 2009-2013. Í einu tilviki urðu mikil meiðsl á fólki, við útafakstur. Í einu tilviki urðu lítil meiðsl á fólki, við aftanákeyrslu. Í einu tilviki var ísing á vegi, og í því slysi urðu mikil meiðsl á fólki. Á tímabilinu sem var til skoðunar urðu 4 slys við útafakstur á vegkaflanum og þrjú slys urðu við aftanákeyrslu.



**Mynd 4 Umferðarslys á Hringvegi 1-g3**

Á vegkafla 1-g3 urðu 45 slys á tímabilinu 2009-2013. Í tveimur tilvikum urðu mikil meiðsl á fólki, í öðru tilvikinu varð slys við útafakstur og í hinu varð slys þegar ekið var á fastan hlut á akbraut. Hálfka var á vegi og myrkur úti í öðru tilvikinu þegar mikil meiðsl urðu á fólki og í hinu tilvikinu var vegurinn þurr og dagsbirta úti. Lítil meiðsl urðu í átta tilvikum á vegkaflanum, fjögur þeirra urðu við útafakstur, tvö við aftanákeyrslu og tvö þegar ekið var framan á aðra bifreið. Á tímabilinu var algengasta slysategundin á vegkaflanum útafakstur, samtals 21 slys. Næstalgengast var að slys yrði þegar ekið var á hlið bifreiðar, 6 tilvik. Í fimm tilvikum varð slys við aftanákeyrslu, í fimm tilvikum varð slys þegar ekið var framan á aðra bifreið, í fjórum tilvikum var ekið á dýr, í þremur tilvikum var ekið á fastan hlut á akbraut og í einu tilviki varð slys þegar ökutæki bakkaði á annað ökutæki. Í 15 tilvikum af 45 var ísing eða hálfka á veginum þegar slys varð, eða í 33 % tilvika.

Hálku og ísingarslys voru nokkuð áberandi á vegköflunum, sem voru teknir út, á tímabilinu 2009-2013, sérstaklega á vegkafla 1-g1. Þrjú af þeim sjö slysum þar sem mikil meiðsl urðu á fólki urðu í hálfku eða ísingu sem undirstrikar mikilvægi hálfkuvarna. Útafakstur var, eins og áður segir, algengasta slysategund á vegköflunum og fjögur af sjö þeirra slysa þegar mikil meiðsl urðu á fólki urðu við útafakstur og því er mikilvægt að útfæra umhverfi vegarins þannig að alvarleg slys verði ekki á fólki þó að það lendi út af vegi. Næstalgengasta slysategund vegkaflanna á tímabilinu var aftanákeyrsla, samtals 13 tilvik og einnig var nokkuð algengt að ekið væri á hlið bifreiða, 10 tilvik. Aftanákeyrslur og þegar ekið er á hlið bifreiðar eru dæmigerðar slysategundir sem verða við vegamót, sem mætti huga að.



Í töflu 1 eru sýnd grunnöggn sem eiga við úttektarkaflana.

**Tafla 1 Grunnöggn**

Veg- og kaflanúmer og stöð í km		Leyfilegur hámarks- hraði (km/klst)	ÁDU (fjöldi bíla á sólahr.)	Lágmarks-breidd öryggissvæðis (m)
Byrjun	Endir			
1_g1_0,00	1_g1_10,93	90	3742	9
1_g2_0,00	1_g2_1,10	90	3935	9
1_g3_0,00	1_g3_11,64	90	3683	9

## 5 Samantekt um úttektina

Helstu athugasemdir sem gerðar voru í umferðaröryggisúttekt þessari eru að víða eru:

- Tengingar og vegamót með slæmum kverkum
- Of brattur flái
- Óvarin ræsi

Bent er á þessi og fleiri varhugaverð atriði í samantekt um hvern vegkafla fyrir sig hér að neðan. Niðurstöður úttektarinnar er svo að finna í fylgiskjölum aftast í skýrslunni. Í þeim eru upplýsingar um staðsetningu (lengd í línu) ásamt lýsingu og ljósmyndum, ef til eru, um öll atriði sem skráð voru í umferðaröryggisúttekt vegarins. Í sumum tilvikum eru nefndar tillögur til úrbóta en nauðsynlegt er að hanna sum atriðanna fyrir framkvæmdir.

### 1-g1

Vegkafla 1-g1 er 10,93 km langur. Á 17 stöðum var skráð að hafa ætti staðinn í forgangi, að um slæman, frekar slæman eða vandan stað væri að ræða. Þessir staðir eru eftirfarandi:

- Tenging í stöð 244, vinstra megin.
  - Túntenging með slæmum kverkum.
- Óvarið ræsi í stöð 459, vinstra megin.
  - Lengja þarf ræsið og fylla yfir, vondur staður.
- Tenging í stöð 470, vinstra megin.
  - Túntenging með slæmum kverkum, ökumaður myndi lenda á vegg ef hann æki útaf og hafnaði á kverkinni.
- Of brattur flái frá stöð 687-1019, hægra megin.

- Í athugasemdum er sagt að laga þurfi ræsi í fláanum sem ætti að vera í forgangi 1 og laga fláann í leiðinni þar sem að hann er nokkuð slæmur. Hæð fyllingar er um 3-4 m og fláinn er 1:2,5.
- Vegamót í stöð 1950, vinstra megin.
  - Vegamót að Kúludalsá II, slæmar kverkar.
- Tenging í stöð 2461, hægra megin.
  - Ný tenging, ný heimreið, með mjög slæmum kverkum.
- Óvarið ræsi í stöð 2974, hægra megin.
  - Lengja þarf ræsi, endi neðan vegar er slæmur.
- Vegrið vantar frá stöð 3728-3762, vinstra megin.
  - Við Kúludalsá er slæmur staður, stórt ræsi og reiðvegur innan öryggissvæðis.
- Tenging í stöð 5326, vinstra megin.
  - Slæmar kverkar á tengingu.
- Of brattur flái frá stöð 6090-6277, hægra megin.
  - Þarna er 4-5 m há fylling og fláinn er 1:2, frekar slæmur staður.
- Vegamót í stöð 6730, hægra megin.
  - Galtarlækur II. Kverkar slæmar.
- Of brattur flái frá 8483-8714, hægra megin.
  - Flái er 1:2 og hæð niður í læk gæti verið um 6 m. Annaðhvort þyrfti að setja vegrið eða laga fláann, forgangur 1.
- Tenging í stöð 9056, vinstra megin.
  - Nauðsynlegt að laga kverkar.
- Tenging í stöð 9066, hægra megin.
  - Túntenging með slæmum kverkum norðan megin. Athuga þarf að heyrúllur eru innan öryggissvæðis sunnan tengingar.
- Óvarið ræsi í stöð 9103, hægra megin.
  - Lengja þarf ræsi, sem er frekar stórt, og laga fláa. Fremur slæmur staður.
- Óvarið ræsi í stöð 9279, vinstra megin.
  - Mjög vondur staður, djúpur þverskurður en ræsið sjálft er lítið. Forgangur 1.
- Óvarið ræsi í stöð 9671, vinstra megin.
  - Stór þverskurður við enda ræsis, frekar slæmur staður.
- Óvarið ræsi í stöð 10027, vinstra megin.
  - Lengja þarf ræsið og laga fláa, hátt er niður á ræsi, slæmur staður.

Á vegkaflanum er skráð að flái sé of brattur á 4,178 km löngum kafla. Gerð var athugasemd við 62 ræsi á vegkaflanum. Á vegkaflanum eru skráð 27 vegamót og tengingar, á sumum þeirra er gerð athugasemd um að kverkar séu mjög slæmar en á mörgum þessara tenginga og vegamóta er skráð að laga þurfi kverkar. Skurður var nokkuð víða innan öryggissvæðis á vegkaflanum, ýmist innan einfalds eða tvöfalds öryggissvæðis, alls á 1,124 km löngum kafla. Á samtals 480 m löngum kafla var skráð grjót meðfram vegi sem þyrfti að fjarlægja og á einum stað eru stakir

steinar skráðir við veginn, í stöð 182. Á einum stað, í stöð 6359, eru um 7 m í klöpp. Samtals 7 merkjapúðar voru á vegkaflanum og laga þarf fláa á þeim öllum, athugasemd er gerð við merkjapúða í stöð 910 um að fláar séu afleitir, og nauðsynlegt er að laga fláa á merkjapúða í stöð 1447. Á 229 m kafla er skering nálægt vegi. Reiðstígur kemur innan öryggissæðis á um 1,717 km löngum kafla. Vatn kemur inn á öryggissvæðið á fjórum stöðum, á einum stað nær það yfir 241 m langan kafla. Lýsing er á 149 m kafla, sennilega allt brotstaurar. Við tvö stór ræsi er merkt að vegrið vanti, og er annar staðurinn merktur sem slæmur staður, við Kúludalsá. Hætta er á að vegsýn skerðist vegna gróðurs í næstu framtíð á 3,813 km löngum kafla. Annað sem gerðar voru athugasemdir við á vegkaflanum var t.d. að flái er of brattur við búfjargöng í stöð 810, vatnuppistaða er við veg vegna framburðar úr námu í stöð 956, rafmagnskassi er innan aukins öryggissvæðis á þremur stöðum, niðurgrafnir vegriðsendar eru á tveimur stöðum, stór búfjargöng eru í stöð 3116 sem þyrfti að verja með vegriði og fleira.

## 1-g2

Vegkafla 1-g1 er 1,10 km langur. Á 3 stöðum er lögð sérstök áhersla á lagfæringar. Þessir staðir eru eftirfarandi:

- Vegamót í stöð 0, vinstra megin.
  - Vegamót við Akrafjallseg (51-02). Óupplýst vegamót þar sem eyja er með kantsteini, þarna hefði „Ísafjarðardropi“ átt betur við. Mikilvægt er að laga kverkar.
- Merkjapúði í stöð 208, vinstra megin.
  - Nauðsynlegt er að laga fláa á skiltapúða.
- Skurður við veg í stöð 1096, vinstra megin.
  - Skurður í framhaldi af bröttum fláa, slæmur staður.

Á 869 m löngum vegkafla er flái skráður of brattur. Á 208 m löngum vegkafla er skurður innan öryggissvæðis. Í stöð 634 er skráð að stakir steinar séu við veginn sem þarf að fjarlægja. Fimm vegamót eða tengingar eru á vegkaflanum, gerð er athugasemd við tengingu í stöð 686 um að henni ætti að loka, laga þarf kverkar við vegamót í stöð 1 og tengingu í stöð 668. Fimm merkjapúðar eru á vegkaflanum og laga þarf fláa á þeim öllum. Annað sem gerðar voru athugasemdir við á vegkaflanum var að laga þarf púða við lýsingu frá stöð 509-641 og að rafmagnskassi og hraðamyndavél eru innan öryggissvæðis.

## 1-g3

Vegkafla 1-g3 er 11,64 km langur. Á 10 stöðum var skráð að hafa ætti staðinn í forgangi, að um slæman, frekar slæman eða vandan stað sé að ræða. Þessir staðir eru eftirfarandi:

- Merkjapúði í stöð 167, vinstra megin.
  - Skiltapúði fyrir skilti sem sýnir lokun Hvalfjarðarganga (þegar það á við). Slæmur flái beggja vegna við skiltapúða.
- Of brattur flái frá stöð 0-247, vinstra megin.
  - Mjög slæmur staður. Skurður í framhaldi af bröttum fláa.
- Tenging í stöð 2335, vinstra megin.
  - Túntenging með slæmum kverkum báðum megin.

- Skurður við veg frá stöð 2540-3526, vinstra megin.
  - Skurður við veg, annar skurður er í 24 m fjarlægð frá vegkanti, hægt væri að nota hann og fylla upp í þann sem er nær. 10 m í skurðinn sem er nær vegi, hann er mjög djúpur á köflum, t.d. í stöð 3084, forgangur!
- Óvarið ræsi í stöð 3084, vinstra megin.
  - 60-80 cm ræsi sem hægt er að tengja við annað ræsi sem tekur við og fylla upp í. Mjög slæmur staður, forgangur!
- Vegamót í stöð 3260, vinstra megin.
  - Vegamót við Skipanes. Kverkar slæmar við skurð, annars í lagi, sem ætti að lagast þegar fyllt verður í skurðinn.
- Of brattur flái frá stöð 3597-3821, vinstra megin.
  - Brattur flái og hár á köflum. Mjög hár flái í stöð 3681. Forgangsaþriði, mjög vondur staður.
- Skurður frá stöð 4058-4278, vinstra megin.
  - Ígildi skurðar innan aukins öryggissvæðis sem þarf að jafna út. Ójafn skurðbakki og stallar í skurðbakka, breytist svo í skurð. Nokkuð vondur staður. Mjög vondur á köflum.
- Óvarið ræsi í stöð 5044, vinstra megin.
  - Breiður skurður tekur við ræsi, hér þarf að lengja og laga fláa. Þarf að skoða hvort ræsi virkar. Vondur staður, forgangur.
- Óvarið ræsi í stöð 5046, hægra megin.
  - Lengja þarf ræsi, djúpur þverskurður er við ræsisenda, slæmur staður.
- Óvarið ræsi í stöð 6881, hægra megin.
  - Lengja þarf ræsið og laga fláa. Vatnsuppistaða er við ræsisenda, slæmur staður.
  - Ath. líka [væntanlega sama ræsi] sem skráð var í stöð 6886 vinstra megin.

Á vegkaflanum er skráð að flái sé of brattur á 3,312 km löngum kafla. Gerð var athugasemd við 14 ræsi á vegkaflanum. Á vegkaflanum eru skráð 28 vegamót og tengingar, á flestum þeirra er skráð að laga þurfi kverkar. Skurður er innan öryggissvæðis eða aukins öryggissvæðis á 4,214 km löngum kafla. Á 95 m löngum kafla er skráð að grjót sé meðfram vegi sem þarf að fjarlægja og stakir steinar við veg eru skráðir á 12 stöðum við vegkaflann. Á 47 m löngum kafla er klöpp innan öryggissvæðis. Samtals voru 9 merkjapúðar við veginn og á öllum þarf að laga fláa. Frá stöð 1230-1286 eru stór tré við veginn, asparbelti í jaðri öryggissvæðis sem þarf að fylgjast með. Á einum stað, í stöð 6808, er vegbúnaður við veg, hraðamyndavél. Vegrið vantar á 204 m löngum kafla, þ.e. frá stöð 2003-2063 vinstra megin þar sem hitaveitulögn er í 12 m fjarlægð frá vegkanti og frá stöð 3607-3751 hægra megin þar sem brattur flái er á milli Skipaness og Skorholts. Önnur atriði sem gerð var athugasemd við í úttekt þessari eru að tvístæður eru innan öryggissvæðis, hornstaur á girðingu sverari en 10 cm er innan öryggissvæðis, lengja þarf búfjárgöng og fleira.

Niðurstöður úttektarinnar eru í fylgiskjölum hér fyrir aftan. Þar er varhugaverðum atriðum sem fundust lýst með upplýsingum um staðsetningu (lengd í línu) og ljósmyndum, ef til eru.

# Umferðaröryggisúttekt vega



## Fylgiskjal

### Umferðaröryggisúttekt vega

Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi	Athugasemdir
0	218	218	Vegbúnaður við veg	V	ATH. Skráning fer yfir kaflaskil. [Ath. hringtorg]. Lengd er frá kafla g1 til g1. Lýsing, brotstaurar, skerstaurar. Frumskr.: 69-218 en breytt í 0-218.
28			Vegbúnaður við veg	H	Ljósastaur
127			Tenging	H	Stútur að plani við Hvalfjarðargöng. Huga að fláa kverka.
182			Stakir steinar	V	
184			Tenging	H	Nyrðri stútur að sama plani. Huga að fláa kverka. Katrín tók mynd.
244			Tenging	V	Túntenging, slæmar kverkar.
253			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi 1 m í þvermál sem þarf að lengja.
253	424	171	Skurður við veg	V	Líklega í 13 m fjarlægð. Frekar djúpur.
Dagsetning gagna frá - til: 8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05					

Myndir:



1-g1\_184

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
401	483	82	Of brattur flái	H	Kaflar sem eru brattari en 1: 2 inni á milli. Hæð fláa 3 m ca.
452			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Ræsi sem þarf að lengja. 80 cm.
459			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Þarf að lengja og fylla yfir. Vondur staður.
470			Tenging	V	Túntenging. Slæmar kverkar. Myndi lenda í vegg ef ekið út af.
616			Skering nálægt vegi	V	Grjót í skeringu við veg.
652	844	192	Skurður við veg	V	Skurður í 12- 13 m fjarlægð frá vegkanti. Dýpri en 1 m.
687	1019	332	Of brattur flái	H	Hæð fyllingar 3-4 m. 1:2,5. Forgangur 1 að laga ræsi í þessum fláa og laga fláa í leiðinni. Fláinn er nokkuð slæmur.
808			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Ræsi sem þarf að lengja. Mynd.
810			Ýmislegt	V	Búfjargöng. Alltof brattur flái við göngin sjálf. Þyrfti að lengja þau og fylla yfir og laga fláann þar.
910			Merkjapúði	V	Skilti með upplýsingum um veggjald í Hvalfjarðargöng blokkarar vegsýn. Fláar á þessum skiltapúða eru afleitar.
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05

## Myndir:



1-g1\_808

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
913	1448	535	Of brattur flái	V	
956			Ýmislegt	V	Í þessum punkti er haft vegna framburðar úr námu. Þetta veldur því að vatnsuppistaða er við veg. Katrín tók mynd á vél APÁ. Ræða þarf við námurétthafa um lagfæringar.
1058	1764	706	Vegsýn skert gróður	V	Tré í vegkanti sem geta orðið til vandræða þegar þau stækka.
1147			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	80-90 cm. Þarf að lengja og hreinsa. Drullan úr námunni kemur niður og situr í ræsinu.
1167			Vegamót	V	Námuvegur. Laga þarf kverkar en hér er slitlag á stút.
1448			Merkjapúði	V	Merki v. hraðamyndavéla. Nauðsynlegt að laga fláa.
1478			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Þurrt ræsi þarf að lengja.
1479	2006	527	Of brattur flái	H	3 m - 5m fylling, ca. 1:2,5. Misbrattur en þarf að fara yfir.
1481			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	1 m ræsi, ekkert mál að lengja.
1519			Vegamót	V	Námuvegur. Laga kverkar og æskilegt að setja slitlag á stútinn.
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05

## Myndir:



1-g1\_956



1-g1\_956

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
1595			Tenging	H	Laga kverkar.
1812			Ýmislegt	H	Rafmagnskassi innan aukins öryggissvæðis, þ.e. 13 m frá kantlínu.
1843			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi sem hægt er að lengja. 40-60 cm ræsi í 10 m fjarlægð. Smáskurður (ekki þverskurður, heldur skurður samsíða vegi, hjá ræsi).
1945	3172	1227	Stígur nálægt vegi	H	Reiðstígur innan öryggissvæðis, alveg við veg á köflum.
1950			Vegamót	V	Vegamót að Kúludalsá II. Slæmar kverkar.
1960			Óvarið ræsi > 1,5 m	H	Þarfa að lengja. Grýttur farvegur tekur við.
1967			Óvarið ræsi > 1,5 m	V	Stórt ræsi sem hægt er að lengja. Er í 11 m fjarlægð frá kantlínu.
1974			Tenging	H	Laga kverkar.
2304	2349	45	Of brattur flái	V	Lágur en með stalli.
2304	2384	80	Skurður við veg	V	Innan öryggissvæðis.
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05

## Myndir:



1-g1\_1812



1-g1\_1960



# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2313			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Ræsi sem er í 9 m fjarlægð. Erfitt að lengja.
2461			Tenging	H	Ný tenging, ný heimreið. Mjög slæmar kverkar. Katrín tók mynd. Krafan er að flái sé 1:6 út fyrir tvöfalt öryggissvæði.
2489	2653	164	Of brattur flái	V	
2633			Ýmislegt	H	Rafmagnskassi innan öryggissvæðis.
2636	2840	204	Skurður við veg	H	Er ekki innan öryggissvæðis allan [tímann].
2745			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	40 cm stálræsi í 9 m fjarlægð.
2751			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Mínna en 1 m. Þarf að lengja.
2861	2913	52	Skering nálægt vegi	V	Skering nálægt vegi með stórgrýti.
2913			Ýmislegt	H	Rafmagnskassi innan aukins öryggissv.
2957			Vegamót	H	Vegamót við Kúludalsá. Kverkar í lagi.
Dagsetning gagna frá - til:					8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05

## Myndir:



1-g1\_2461



1-g1\_2633 og 1-g1\_2636

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
2964			Tenging	V	Laga þarf kverkar.
2974			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Ræsi sem þarf að lengja. Endi neðan vegar slæmur.
2981			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Endi innan öryggissvæðis en líklega mikið mál að lengja.
3091	3451	360	Ýmislegt	H	Bitavegrið til staðar. Vegriðsendi niðurgrafinn. Lengja þarf vegrið til vesturs um a.m.k. 40 m (er 20 m frá hættunni en á að vera 60 m.)[Setja ætti öryggisenda].
3116			Ýmislegt	V	Búfjargöng. Stórt ræsi. Vegriðið (sem skráð var í 3127) ætti líka að dekkja þau.)
3127			Vegrið vantar	V	Stórt ræsi sem líklega þarf að setja vegrið við.
3193	3709	516	Vegsýn skert gróður	V	
3272	3762	490	Stígur nálægt vegi	V	Reiðvegur innan öryggissvæðis.
3451	3510	59	Of brattur flái	H	Brattur flái 1:2 sem tekur við af vegriði.
3482			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	þarf að lengja.
<b>Dagsetning gagna frá - til:</b>					8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05

## Myndir:


# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
3499	3575	76	Grjót meðfram vegi	V	
3574			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	V	Þarf að lengja.
3574			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m	H	Þvermál 80 cm. Vantar grjót í flórinn til að hindra frekara rof. Þarf að lengja.
3628			Tenging	H	Laga kverkar.
3683	3784	101	Ýmislegt	H	Vegrið til staðar. Niðurgrafnir endar báðum megin. Þarf að lengja vegrið til austurs [og setja öryggisenda báðum megin].
3728	3762	34	Vegrið vantar	V	Kúludalsá. Slæmur staður. Stórt ræsi og reiðvegur innan öryggissvæðis.
3762	3869	107	Grjót meðfram vegi	V	Grjót í skeringu meðfram vegi. Vatnsrásin er of stórgrytt.
3870	4072	202	Of brattur flái	V	Ath. einnig grjót meðfram vegi.
3983	4045	62	Skurður við veg	H	Ath. ekki eins djúpur og skurður sem skráður var fyrir í dag, þ.e. í lægri stöð, hægra megin vegar.
4045	4258	213	Of brattur flái	H	1:2-1:2,5, 3-4 m.
				Dagsetning gagna frá - til:	8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05

## Myndir:



1-g1\_3574

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflanr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
4072	4625	553	Vegsýn skert gróður		V Tré sem eru farin að byrgja sýn.
4105	4156	51	Grjót meðfram vegi		V
4202			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Endi innan öryggissvæðis. Upp í 50 cm steinar við ræsisenda.
4204			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V Þarf að lengja.
4384	4625	241	Vatn > 0,25 m		V
4384			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V <b>Á vatnsbeltinu sem skráð var hér norðar er grjót meðfram vegi og þar þarf að finna betri lausnir varðandi yfirborðsvatn.</b>
4385			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Ekki forgangur.
4693			Óvarið ræsi > 1,5 m		H Búfjarræsi. Um 1,5 m. Þyrfti að lengja það.
4694			Ýmislegt		V Búfjarræsi í 9 m fjarlægð frá kantlínu og milli þess og ræsis í nágrenni (st. 4705) er reiðvegurinn tekinn að veginum á milli ræsanna yfir búfjarræsið og síðan frá veginum aftur.
4704			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H Venjulegt ræsi. sem þarf að lengja.

Dagsetning gagna frá - til: 8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05

## Myndir:

--	--

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn tákmynda	Gildi		Athugasemdir
4705			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V	Ræsi í grennd við búfjarræsi. Þyrfti að lengja, en stenst líklega kröfur. Þó ekki djúpur þverskurður.
4930			Vegamót		H	Vegamót að Gröf. Þarf að laga kverkar. Rafmagnskassi í kverk að vestanverðu.
5004	5041	37	Of brattur flái		H	
5013			Ýmislegt		V	<b>Athuga þyrfti frágang á yfirborðsvatni í ljósi þess að hálkuslys eru tíð.</b>
5028			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		H	Þarf að lengja. Lítið ræsi, 70-80 cm.
5036			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V	Best væri að lengja ræsi. Steinn við hlið ræsis.
5079			Tenging		V	Tenging. Kverkar ekki nógu góðar.
5127			Of brattur flái		H	
5208	5224	16	Óvarið ræsi ≤ 1,5 m			
5211			Óvarið ræsi ≤ 1,5 m		V	Lengja ræsi og laga fláa. Nokkuð hátt niður á ræsi.
5314			Vatn > 0,25 m		V	

Dagsetning gagna frá - til: 8.9.2014 10:12:16 - 28.10.2014 09:58:05

## Myndir:



1-gl\_5211

# Umferðaröryggisúttekt vega



Veg- og kaflannr.		Vegheiti	Byrjun kaflans	Endir kaflans
1	g1	Hringvegur	Akrafjallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafjallsvegur (51-02) við Urriðaá

## Aðstæður (B beggja megin, V: vinstra megin, H: hægra megin) (Lengd í m):

B.st.	E.st.	Lengd	Nöfn táknmynda	Gildi	Athugasemdir
5326			Tenging	V	Slæmar kverkar.
5338			Skurður við veg	V	Einn punktur. Skurður nál. vegi.
5402	5571	169	Of brattur flái	V	
5402	6546	1144	Vegsýn skert gróður	V	Tré sem skerða munu vegsýn
5442			Óvarið ræsi $\leq 1,5$ m	V	Lítið ræsi sem þarf að lengja. Ekki mjög slæmt.
5442			Óvarið ræsi $\leq 1,5$ m	H	
5471	5571	100	Grjót meðfram vegi	V	
5590			Vegamót	H	Vegamót að Galtarvík. Laga kverkar beggja vegna.. Rafmagnskassi í kverk austan megin.
